

Sveitarfélagið Árborg  
b/t Bárður Guðmundsson  
Austurvegi 2, Ráðhúsi  
800 Selfoss

Reykjavík, 13. ágúst 2019  
UST201907-077/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Breyting- Deiliskipulag fyrir Austurbyggð á Selfossi**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa sveitarfélagsins Árborgar er barst 8. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á breytingartillögu á deiliskipulagi Austurbyggðar á Selfossi.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að leikskólalóðina við Engjaland 21 stækkar og er færð nær leiksvæðinu. Breytingin hefur áhrif á aðkomur / innkeyrslur inn á lóðirnar. Fjölbýlishúsa lóð nr. 17, verður þá við hlið fjölbýlishúsalóða á norðausturhorni svæðisins og næst Suðurhólum. Fjölbýlishúsalóðunum 2, 4, 6, og 17 er skipt upp í 8 lóðir og breytist afstaða húsanna og aðkoma að þeim.

#### **Vistgerðir**


Í tillögunni ger gert ráð fyrir leiksvæðum og grænum svæðum.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands (<http://vistgerdakort.ni.is/>) eru innan skipulagssvæðisins vistgerðirnar starungsmýravist og víðikjarrvist sem eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að þetta komi fram í tillögunni og hvaða leiðir verða farnar til að vernda vistgerðirnar.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Sverrir Aðalsteinn Jónsson  
sérfræðingur